

Verk:

Efnistaka í Seyðishólum náma 30b – Umhverfismatskýrsla 31.8.2022

Verknr. 21012

Sigurður Þ Jakobsson

Svör framkvæmdaraðila við athugasemdum og umsögnum:

Samlagsstjórn frístundabyggða við Seyðishóla 19.10.2022

Eftir lestur síðari matsáætlunar (umhverfismatskýrslu) verktaka viljum við endurtaka allt það sem áður kom fram og bæta við að teljum nýja matsáætlun verktaka litast af því að fegra þessa framkvæmd og halda t. d. því fram að hús sem snúa bakhlið að Seyðishól séu skemmd vegna vega á svæðinu er fáránleg því að það er malbikaður vegur aftan við þessi hús þar sem keyrt er inn á svæðið og úr honum fýkur ekki gjall.

Það er ekki bara malbikaður vegur aftan við þessi hús heldur eru þar heimreiðar og plön með gjalli í yfirborði.

Gerum við þá kröfu að gjallfok úr Seyðishólum sé skoðað að vetri til í roki. Seyðishóllinn og allt umhverfið líka skiptir fljótt um lit í miklu roki og allt verður rauðbrúnt.

Það er útilokað að fok úr þessari námu sé að lita Seyðishóllinn og allt umhverfi. Þá er að fjúka úr ógrónum toppum Seyðishóla, sjá mynd 6 á bl 30 og mynd á bl 15 í matsskýrslu. Í mótvægisáðgerðum er lögð til vöktun með gjallfoki í vondum veðrum, SV við námu, t.d við tvo sumarbústaði næst námu.

Í matsáætluninni er vægast sagt lítið gert úr aukinni hávaðamengun þó reiknað sé með 10 bílum á dag sem keyra frá námunum og út á Búrfellsveg – þ.e. rúmlega 1 bíll á klst.

Mótvægisáðgerðir vegna aukningar á akstri eru:

- Efnisflutningar til Þorlákshafnar verði einungis á virkum dögum að degi til.
- Malarvegurinn, frá námu á Búrfellsveg, verður lagður bundnu slitlagi sem dregur úr aksturshávaða, og rykmengun af veginum hverfur.
- Bílstjórum framkvæmdaraðila er uppálagt að aka rólega Hólaskarðveg og Búrfellsveg.

Hvað með aukna vinnslu inni í námunni, lítið gert úr því að vinnuvélum og mokstursvélum fylgi hávaði og ryk. Þetta þarf að skoða vel af aðilum sem taka ákvörðun um málið

Mótvægisáðgerðir vegna aukningar á magni eru þær að er búið að taka í notkun nýja vélasamstæðu sem sigtar og malar og er hún bæði afkastameiri og hljóðlátari en eldri vélar. Hún er þannig útbúinn að hægt er að knýja hana með rafmagni. Er það ætluð framkvæmdaðila að fá þarna rafmagnsheimtaug og nota rafmagn sem orkugjafa við vinnsluna sem þá minnkar enn hávaða úr námholunni.

Eigendur að Ker hótél ehf 19.10.2022

Spurning um, sjónmengun, loftmengun, hávaðamengun vegna vinnuvéla á þessum friðsæla stað þar sem við rekum ferðapjónustu.

Vísað er til svara vegna áður kominna athugasemda og umfjöllun þessara umhverfisþátta í umhverfismatsskýrslu.

Einnig viljum við benda á að Biskuptungnabraut er hættulegur vegur í lélegu ástandi og þar er standlaus umferð af ferðamönnum sem keyra gullna hringinn.

Varðandi þessa athugasemd um ástand og umferð um Biskupstungnaveg er það álit framkvæmdaraðila að þessi atvinnugrein, **jarðefnisvinnsla**, hafi sama rétt að til umferðar um vegi landsins og aðrar atvinnugreinar, svo sem **ferðamennska** með tilheyrandi umferð stórra og smárra fólksflutningabíla.

Umhverfisstofnun 27.9.2022

Umhverfisstofnun telur að sú áætlun um viðskilnað við svæðið að þeirri efnistöku lokinni sem hér er til umræðu gerir ráð fyrir nánast sömu ásýnd svæðisins eða nokkuð verri en er í dag sem að áliti Umhverfisstofnunar er til lýta. Gera þarf frekari kröfur um viðskilnað svæðisins þannig að þegar þeim áfanga efnistökkunnar sem hér um ræðir lýkur verði ásýnd svæðisins slík að unnt verði að hætta efnistöku ef vilji verður til þess

Það skal hér undirstrikað að það er ætlun framkvæmdaraðila og eiganda að sá frágangur sem sem gerð er grein fyrir í umhverfismati sem valkostur 1, sem sé að svæðið verði námuopna, verði lokafrágangur og þá verði þessi staður ekki lengur efnistökusvæði heldur sýningar- og ferðamannastaður eins og Kerið er og fyrirhugað er að Kerhól verði. Lokafrágangi verði gerð endanleg skil með deiliskipulagi fyrir námusvæðið.

Það hljóta að teljast umtalsverð umhverfisáhrif hvernig gengið hefur verið um námuna til þessa og munu verða umtalsverð umhverfisáhrif vegna frekari skerðingar á jarðmynduninni ef efnistakan verður með þeim hætti sem lýst er í umhverfismatsskýrslunni og skilið verður við svæðið þannig að ráðast þarf í frekari efnistöku að fyrirhuguðum vinnslutíma loknum til að móta jarðmyndunina og milda ásýnd svæðisins. Umhverfisstofnun telur að aðgerð sem felst í því að móta svæðið að nýju muni verða sýnilegt um nokkurn tíma sérstaklega vegna litamunar á öröskuðu og röskuðum hluta þar sem jarðmyndunin hefur verið mótuð að nýju. Það er ljóst að sú aðgerð verður sýnileg en hér þarf að líta til lengri tíma jafnvel 50-100 ára. En á endanum má gera ráð fyrir að svæðin veðrist saman og jafnvel að unnt verði að ráðast í aðgerðir til að jafna litamun á nýrri landmótun og upprunalegri ásýnd hólanna.

Við þessa námu hefur röskuðu svæði hefur verið haldið í algeru lágmarki, engu aðfluttu efni keyrt í námuna nema efni sett á lægstu brún námuopsins til að minnka sýnileika frá nærliggjandi sumarhúsum. Þess vegna er náman meira á dýptina og námuveggir brattir. Verði það úr að móta þessa námuholu þannig að hún komi til með að falla, með einhverju móti, inn í landslagið þarf vandlegan undirbúning. Þá réttast að setja halla á námuveggina, svipuðum og

á hlið Kerhóls sem snýr að námunni. Það er nálægt því að vera 0,5:1 eða 5m hækkun fyrir hverja 10m lárétt. Þó er hugsanlegt að einhverju leyti að móta veggina samhliða útgreftri vegna mismunandi þéttleika gjallsins.

Það þyrfti þá að grynna núverandi botn með því að keyra í hann tilfallandi efni, sem er ekki æskilegt að mati framkvæmdaraðila, sýningarsvæðið dytti út en samt myndi umfang holunar stækka um 25%, samkv. lauslegri áætlun, miðað við fyrirhugaða efnistöku. Þá væri eftir að gera náttúrulega rúninga á brúnir námusvæðisins sem eru líka röskun. Hugsanlegt er að með tímanum þéttist botninn þannig að lón gæti þarna myndast. Þetta yrði í raun manngert ker.

Allar aðgerðir eða rask, við eða umhverfis svæðið, sem stækka það eru viðkvæmar og vandmeðfarnar, að mati framkvæmdaraðila, með tilliti til útlits og gjallfoks af röskuðu svæði. Það er því enn tillaga framkvæmdaraðila að við þessa námuholu verði skilið við sem námuopnu, aðgengilega fyrir almenning, ferðafólk og vísindamenn.

Náttúrufræðistofnun 21.10.2022

Náttúrufræðistofnun tekur undir að gæta þurfi varúðar í sambandi við olíumengun eða annarra spilliefna innan námusvæðisins vegna hættu á mengun grunnvatns, vatnsbóla, innan Grímsnessvæðisins. Gera þarf kröfur um reglulega vöktun innan námusvæðisins.

Tekið verður tillit til þessa við framkvæmdina.

Ef miðað er við núverandi áform ætti að meta hvort ekki sé ástæða til að nema staðar þar og eftir að efnistökkunni lýkur að vernda það sem eftir stendur (t.d. með friðlýsingu) á þeim grundvelli að varðveita gosmyndanir sem eru mikilvægur þáttur í sögu eldvirkni Grímsneskerfisins og sem eru merkileg á landsvísu, auk þess að varðveita jarðbreytileika svæðisins.

Umhverfismat þetta miðast við að opnan sem námuholan myndar að lokinni framkvæmd verði lokafrágangur námunar að gerðu deiliskipulagi.

Í lokin er bent á að á bls. 10 stendur að Seyðishólagjallið sé með alþjóðlega umhverfisvottun, Environmental Product Declaration eða EPD. EPD stendur ekki fyrir umhverfisvottun heldur er um að ræða umhverfislýsingu á vöru.

Þetta er rétt, hér er um að ræða vottaða umhverfislýsingu á vöru og leiðréttist hér með.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands 24.10.2022

Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin i næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum.

Tekið verður tillit til þessa við framkvæmdina.